

14. september 2010

Ritmyndir

Mannanafnanefnd heldur skrá yfir þau nöfn sem hún hefur samþykkt skv. lögum um mannanöfn. Í þessari skrá er einnig yfirlit yfir rithætti.¹ Í leiðbeiningum Mannanafnanefndar segir að nafn skuli „ritað í samræmi við íslenskar ritvenjur nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.“ Stundum eru til fleiri en ein mynd sama nafns og hefur þá verið greint á milli mismunandi ritmynda eða nafnmynda. Ritmynd mun það vera nefnt þegar ekki er til að dreifa neinum framburðarmun, t.d. Agata/Agatha eða Elvar/Elfar. Hafi eitt og sama nafnið hins vegar tvær eða fleiri myndir sem eru bornar fram á mismunandi hátt hefur verið talað um nafnmyndir, sbr. t.d. Björgólfur/Björgúlfur eða Leonharð/Leonard.² Aðgreining ritmynda og nafnmynda getur verið snúin, ekki hefur alltaf tekist að greina rétt í milli og þyrfti því að fara yfir mannanafnaskrá með þetta í huga. Það verður þó ekki gert hér.

Í fyrri tölum um mannanöfn hefur verið byggt á yfirliti Mannanafnanefndar yfir ritmyndir, en nokkuð aukið við og breytt. Frá þessu hefur verið horfið. Í tölum þeim sem hér eru birtar er eingöngu farið eftir lista Mannanafnanefndar eins og hann stóð á heimasíðu nefndarinnar 10. september 2010, aðalnafnmynd er tilgreind fremst, en ritmyndir þar á eftir.

Aðrar athugasemdir

Eins og kunnugt er hefur Þjóðskrá Íslands ekki haft til umráða nema 31 staf til skráningar mannanafna í kerfi sín frá 1986. Þar áður, frá upphafi véltæktrar þjóðskrár 1953, voru stafirnir aðeins 23 sem ætlaðir voru til nafnaskráningar. Þetta veldur því, einkum hjá þeim sem skráðir voru í Þjóðskrá fyrir 1986, að aðeins eitt eiginnafn er skráð eða þá að síðara eða öðrum eiginnöfnum og millinöfnum eru gerð skil með skammstöfum einni saman. Í ársbyrjun 2010 var síðara nafnið auðkennt með einum eða tveimur bókstöfum hjá liðlega 6% þeirra sem báru tvö nöfn önnur en kenninafn. Meðalaldur þeirra sem voru skráðir með skammstafað nafn var tæplega 57 ár, en hinir voru rúmlega 28 ára að meðaltali. Þetta veldur því, með öðru, að Hagstofan hefur nú horfið frá því að birta tölur um fjölda einnefna og tvínefna í Þjóðskrá eftir aldri.

Í kerfi Þjóðskrár er skráð fullt nafn eftir því sem kostur er í einn textastreng. Þannig er ekki gerður greinarmunur á eiginnöfnum, millinöfnum og kenninöfnum. Tví- eða þríliða kenninöfn, t.d. þegar kennt er til bæði föður og móður, eru ekki í fljótu bragði þekkjandleg án nokkurrar forritunar, enda eru slík kenninöfn ósjaldan skammstöfuð vegna lengdartakmarkana. Af þessu leiðir að aðeins má ganga út frá því með vissu að fyrsta nafn sé fyrsta eiginnafn og að síðasta nafn sé kenninafn. Oftast er annað nafn, sem ekki er síðasta nafn, jafnframt annað eiginnafn. Það getur þó verið millinafn eða fyrsti liður kenninafns. Að nokkru leyti má sjá við því með því að bera slík nöfn við skrá Mannanafnanefndar yfir millinöfn. Þess er þó ekki þörf þegar aðeins algengustu tvínefni eru skoðuð.

Samkvæmt íslenskum lögum má íslenskur ríkisborgari bera að hámarki þrjú eiginnöfn, eða tvö eiginnöfn og eitt millinafn, auk kenninafns eða kenninafna. Í ársbyrjun 2010 voru rúmlega 7.600 einstaklingar sem báru fleiri en 3 nöfn eða nafnliði, eða 2,4% mannfjöldans. Þar af voru rúmlega 19% þar sem eitt nafnanna var skammstafað með einum eða tveimur bókstöfum, auk ótalins fjölda þar sem einn nafnliðurinn var stytur, t.d. með því að tákna dóttir eða son með d eða s. Erfitt er að greina slíkar styttingar þar sem Þjóðskrá aðgreinir þær alla jafna ekki með punkti.

¹ <http://www.rettarheimild.is/mannanofn>. Sótt 10.9.2010

² Byggt á upplýsingum starfsmanns Mannanafnanefndar 13.9.2010.



Á Íslandi tíðkast að börnum sé gefið nafn við skírningu fremur en fæðingu. Af þessum sökum er miðað við nöfn þeirra sem fæddust á tilteknu ári eins og þau eru skráð í Þjóðskrá 1. júlí næsta árs eftir fæðingu. Tæplega 2% þeirra barna sem fæddust árið 2009 voru enn ónefnd 1. júlí 2010.

Ekki er grundvöllur fyrir því að birta algengustu tvínefni nýfæddra barna vegna þess hversu fá börn bera algengustu samsetningarnar (3–4 börn í hverjum árgangi). Þess í stað er birt tafla yfir algengustu seinni nöfn í tvínefnum, en þar eru nokkur mun vinsælli en önnur.

Hagstofa Íslands

